

Miðvikudaginn 19. apríl 1967.

Nr. 78/1966. **Stórstúka Íslands f. h. Bókabúðar Æskunnar**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um endurgreiðslu útsvars og aðstöðugjalds.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1966 og krafizt þess, að stefnanda verði dæmt að greiða áfrýjanda kr. 66.600.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 11.600.00 frá 1. janúar 1963, af kr. 15.600.00 frá 1. janúar 1964, af kr. 18.400.00 frá 1. janúar 1965 og af kr. 21.000.00 frá stefnudegi, allt til greiðsludags, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Bóksala áfrýjanda fellur eigi undir undanþágu þá frá útsvari og aðstöðugjaldi, sem greinir í 29. gr. og 8. gr. laga nr. 69/1962 og laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stórstúka Íslands f. h. Bókabúðar Æskunnar, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar s.l., hefur Ólafur Þ. Kristjánsson stórtémpar f. h. Stórstúku Íslands höfðað fyrir

bæjarþinginu vegna Bókabúðar Æskunnar í Reykjavík með réttarstefnu, útgefinni 6. október 1965, gegn Gjaldheimtunni í Reykjavík. Gerir stefnandi í stefnu þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér kr. 97.746.00, en það sé tekjuútsvar og aðstöðugjald, er greitt hafi verið vegna Bókabúðar Æskunnar á árunum 1962—1965, að báðum meðtöldum, þannig:

Árið 1962 kr. 29.890.00, árið 1963 kr. 16.955.00, árið 1964 kr. 13.880.00 og árið 1965 kr. 37.021.00, allt auk 7% ársvaxta af kr. 29.890.00 frá 1. janúar 1963, kr. 16.955.00 frá 1. janúar 1964, kr. 13.880.00 frá 1. janúar 1965 og kr. 37.021.00 frá stefnudegi, allt til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati réttarins.

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar þannig, að þær nema nú kr. 66.600.00 auk 7% ársvaxta af kr. 11.600.00 frá 1. janúar 1963, af kr. 15.600.00 frá 1. janúar 1964, af kr. 18.400.00 frá 1. janúar 1965 og af kr. 21.000.00 frá stefnudegi, allt til greiðsludags.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er óbreytt.

Stefndi hefur ekki andmælt kröfum stefnanda tölulega, en krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins. Stefnandi hefur greitt Gjaldheimtunni framangreindar fjárhæðir, sumpart með fyrirvara um endurheimtu, og hefur stefndi lýst því yfir, að hann beri ekki þá málsástæðu fyrir sig, að fyrirvara skorti með einstakar innborganir.

Stefnandi telur, að sér sé eigi skylt að greiða útsvör og aðstöðugjöld, þar eð allur hagur af rekstri Bókabúðar Æskunnar renni til almenningsheilla.

Bendir stefnandi í því sambandi á dóm Hæstaréttar 1946, bls. 547, sem féll á þann veg, að Bókabúð Æskunnar skyldi undanþegin aukaútsvari sem stofnun, er rekin væri til almenningsheilla. Stefnandi mótmælir því, að dómur þessi eigi hér við, þar eð lögum um útsvarsgreiðslur hafi síðan verið breytt og séu þau lagaákvæði, sem um þetta fjalla nú, frábrugðin þeim ákvæðum, sem giltu árið 1945. Segir stefndi, að enda þótt hagnaður af rekstri Bókabúðar Æskunnar renni til Stórstúku Íslands, þá undanþiggi það eigi bókabúðina frá skyldu til greiðslu tekjuútsvars og aðstöðugjalds í skilningi 29. gr. og 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 69/1962, sbr. enn fremur gildandi lög um þetta efni nr. 51/1964.

Dómur Hæstaréttar 1946, bls. 547, vitnaði til 6. gr., A, II, 2, c-liðar laga nr. 66/1945, sem var svohljóðandi:

„Undanþegin útsvari eru ... Félög, sem að vísu reka atvinnu,

en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almennings heilla samkvæmt samþykktum sínum.“

Ákvæði f-liðar 29. gr. laga nr. 69/1962, sbr. 8. gr. sömu laga, en ákvæði þessi eru samhljóða núgildandi ákvæðum í lögum nr. 51/1964, kveða á um, að undanþegin útsvari og aðstöðugjaldi skulu vera „... Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórn-málafélög, trúarbragðafélög o. fl.“

Óumdeilt er, að Stórstúka Íslands sem slík nýtur gjaldfrælsis skv. framangreindu ákvæði af þeirri starfsemi, sem samkvæmt samþykktum hennar er höfuðmarkmið félagsins. Hins vegar er bóksala ekki höfuðmarkmið Stórstúkunnar, og enda þótt hún sé rekin í fjáröflunarskygni fyrir menningarfélag, þá er hún eigi sá þáttur í starfsemi Stórstúkunnar, að hún falli undir undantekningarákvæði nefndra lag, þ. e. 29. gr. og 8. gr. laga 69/1962 og 51/1964, hvað varðar skyldu til greiðslu útsvars og aðstöðugjalds.

Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Þá þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Kristján Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Stórstúku Íslands f. h. Bókabúðar Æskunnar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
